

Sp. 747. Tillaga til þingsályktunar [403. mál]

um rétt launafólks til námsleyfa.

Flm.: Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um rétt launafólks til námsleyfa. Í frumvarpinu verði miðað við að launafólk geti reglulega fengið rétt til námsleyfa vegna verkmenntunar, þjálfunar, almenns náms eða endurmenntunar. Í frumvarpinu skal einnig gera ráð fyrir stofnun sjóðs í þessu skyni til þess að standa undir kostnaði við námið sjálft og til þess að bæta upp launatap meðan á námsleyfi stendur.

Í nefndinni verði fulltrúar frá aðilum sem hlut eiga að máli, þar á meðal Menningar- og fræðslusambandi alþýðu fyrir hönd Alþýðusambands Íslands, BSRB og atvinnurekendum eða samtökum þeirra.

Greinargerð.

Hér er flutt tillaga um rétt launafólks til námsleyfa. Hér er um að ræða mál sem verkalyðssamtökin hafa þegar látið til sín taka eins og fram kemur í meðfylgjandi fylgiskjölum með greinargerð þessari. Skyld mál hafa áður verið flutt á Alþingi en hafa ekki náð fram að ganga. Hér er málið lagt fram seint á þinginu til þess að skapa umræður sem eru óhjákvæmilegur aðdragandi lagasetningar og kjarasamninga um þau efni sem hér er bryddað upp á.

Nokkur verkalyðsfélög hafa þegar tryggt félagsmönnum sínum rétt á borð við þann sem hér er gerð tillaga um. Í því sambandi má nefna Einingu á Akureyri, Rafiðnaðarsamband Íslands, starfsmenn í álverinu og rétt trúnaðarmanna til einnar viku leyfis á ári hverju. Þannig liggur þegar fyrir viðurkenning á þessari almennu þörf endurmenntunar og þjálfunar af hálfu atvinnurekenda ekki síður en launafólks.

Í tillögunni er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að eingöngu verði miðað við endurmenntun í viðkomandi grein heldur einnig almennt nám svo og félagslega þjálfun.

Bent er á nauðsyn þess í tillögunni að stofna sjóð til þess að standa undir kostnaði í þessu skyni. Það er óhjákvæmilegt vegna þess hve stór hluti fyrirtækja hér á landi er smár í sniðum. Því verður ekki tryggður réttur fólks með því að ætla einstökum fyrirtækjum að ráða fram úr verkefninu. Í samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands er gert ráð fyrir því að slíkur sjóður verði fjármagnaður með 0,15% af öllum launum starfsmanna í þjónustu atvinnurekenda og með framlagi úr ríkissjóði er verði jafnhátt framlagi atvinnurekenda.

Með greinargerð þessari eru birt þrjú fylgiskjöl:

I. Samþykkt sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands um launað námsfrí frá 16. okt. 1985.

II. Útvarpserindi eftir Tryggva Þór Aðalsteinsson um fullorðinsfræðslu frá sjónarhóli launafólks, flutt 31. janúar 1986.

III. Starfsmenntun fullorðinna, erindi sem Snorri S. Konráðsson flutti á sambandsstjórnarfundi ASÍ 1983.

Fylgiskjal I.

*Samþykkt sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands
um launað námsfrí frá 16. október 1985:*

Drög að tillögu til stefnumótunar um launað námsfrí, sbr. samþykkt 35. þings ASÍ 1984.

Á 35. þingi ASÍ í nóvember 1984 var gerð eftirfarandi samþykkt:

„35. þing Alþýðusambands Íslands samþykkir að fela miðstjórn að kjósa þriggja manna nefnd sem gerir tillögu um stefnu ASÍ varðandi rétt verkafólks til að sækja námskeið og aðra fræðslu án skerðingar launa. Nefndin skal skila álitum til miðstjórnar eigi síðar en 1. október 1985.“

Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Á liðnum árum hefur þörf verkafólks fyrir fræðslu af ýmsu tagi aukist. Á það ekki síst við um fræðslu er snertir störf þess, auk fræðslu um réttindi þess, skyldur og félagsmál verkalýðssamtakanna. Ein hindrun þess, að fræðsla af þessu tagi geti verið jafn öflug og nauðsyn krefur, er að verkafólk á ekki rétt á því að hverfa frá vinnu vegna náms nema að afar takmörkuðu leyti. Því síður getur fólk af fjárhagsástæðum leyft sér að hverfa frá vinnu kauplaust í þeim tilgangi að afla sér þekkingar og menntunar.

Á þessu er þörf breytinga þannig að réttindi launafólks í þessu sambandi verði tryggð. Í því efni er nauðsynlegt að kanna mörg atriði. Þar á meðal með hvaða hætti slík réttindi eru í öðrum löndum, hvort tengja skuli slík réttindi starfstíma fólks, hvort fræðslusjóður launafólks, sem myndaður verði með framlagi launafólks og atvinnurekenda, sé heppileg leið svo nokkur atriði séu nefnd sem nefndin athugi og móti tillögur um. Í slíkri stefnumótun þarf enn fremur að koma fram hvaða leiðir séu líklegastar til þess að settu marki í þessu efni verði náð.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum sínum til miðstjórnar ASÍ eigi síðar en 1. október 1985. Þannig er unnt að taka tillögur nefndarinnar til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi sambandsstjórnar ASÍ fyrir árslok 1985.“

Á fundi miðstjórnar 14. febrúar 1985 var síðan samþykkt að skipa þessi í nefndina: Tryggva Þór Aðalsteinsson, Kristínu Hjálmarsdóttur og Magnús Geirsson.

Nefndin hefur haldið fjóra fundi og leggur til við miðstjórn eftirfarandi drög að tillögu að stefnu ASÍ um rétt verkafólks til námsfrís án launataps:

1. Allir, sem starfað hafa í sömu starfsgrein í a.m.k. tvö ár og eru orðnir 18 ára, skulu eiga rétt á námsfrí allt að fjórar vikur á hverju tveggja ára tímabili.

Ef námsfrí er tekið vegna starfsþjálfunar eða til félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtaka fellur niður fyrrgreint skilyrði um starfstíma.

2. Réttur til námsfrís nær til almennrar menntunar, starfsþjálfunar og endurmenntunar vegna starfs, svo og félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtaka, m.a. í þágu trúnaðarstarfa á vegum stéttarfélaga.
3. Tilkynna skal um töku námsfrís með a.m.k. sex vikna fyrirvara. Þó ekki ef námsfrí er 40 stundir eða styttra, þá nægir einnar viku fyrirvari.
4. Starfsmenn, sem taka námsfrí, skulu halda áunnum réttindum sínum, enda skal námsfrí metið til jafns við vinnutíma.
5. Til greiðslu launataps skal settur á stofn fræðslusjóður launafólks. Tekjur sjóðsins eru:
 - a. Framlag atvinnurekanda sem reiknast 0,15% af öllum launum starfsmanna í þjónustu hans sem eru í stéttarfélögum innan ASÍ.
 - b. Framlag ríkissjóðs sem verði jafn hátt og framlag atvinnurekanda.

6. Um fræðslusjóð þarf að setja sérstakar reglur þar sem kveðið verði á um eftirfarandi atriði meðal annars:
- Stjórn sjóðsins (kveða þarf á um ótvíræð yfirráð verkalýðssamtakanna).
 - Fyrirkomulag greiðslna í námsfríi.
 - Skilgreina þarf nánar þá fræðslu (tegund námskeiða) sem sjóðurinn tekur til.
 - Hvað sjóðurinn greiðir annað en vinnutap. Þar er m.a. átt við kostnað vegna námskeiða eins og kennslulaun, námsgögn, húsaleigu og stjórnun.
 - Þátttökugjöld.

Þessi atriði, sem hér koma fram, er nauðsynlegt að ræða í miðstjórn og síðar í sambandsstjórn eins og tillagan frá 35. þinginu gerir ráð fyrir. Niðurstaða, sem fæst, verður grunnur kröfugerðar í þessu sambandi því hér er auðvitað um samningsmál að ræða við atvinnurekendur og jafnvel krefst það lagasetningar.

Kristín Hjálmarsdóttir, Magnús Geirsson,
Tryggvi Þór Aðalsteinsson.

Fylgiskjal II.

Tryggvi Þór Aðalsteinsson:

Fullorðinsfræðsla frá sjónarhóli launafólks.

(Útvarpserindi 31. janúar 1986.)

Þegar við leiðum hugann að menntun og skólagöngu kemur trúlega oftast í huga myndin af barnaskólanum eða framhaldsskólanum, þ.e. hinum hefðbundna skóla, þar sem við sækjum grunnmenntun og starfsmenntun sem börn og ungt fólk. Samkvæmt því lýkur skólagöngunni þegar ákveðnum áfanga er náð og daglega lífið á vinnustað og heimili tekur við. En svona er þetta ekki í raun því menntun okkar er ekki lokið við tiltekin próf frá skóla þó að vissum réttindum hafi verið náð. Í sífellt auknum mæli tekur fullorðið fólk þátt í fjölbreyttu fræðslustarfi og sest á skólabekk. Það er þátttakendur í fullorðinsfræðslu eins og við köllum venjulega einu nafni námskeið og námsbrautir sem sérstaklega eru skipulagðar við hæfi fullorðins fólks þar sem það stundar nám yfirleitt í frístundum.

Í þessu erindi ætla ég að ræða sérstaklega fullorðinsfræðslu frá sjónarhóli launafólks. Það er ljóst að hagsmunir launafólks í þessu efni eru bæðir brýnir og að nokkru leyti sérstakir vegna vinnu þess og lífsafkomu. En við skulum fyrst líta á þá skilgreiningu sem algengust er þegar fullorðinsfræðsla er annars vegar og henni skipt í nokkra þætti.

Í fyrsta lagi **almenn menntun**, samanber menntun sem boðin er í grunnskólum og framhaldsskólum, en skipulögð við hæfi fullorðinna.

Í öðru lagi **starfsmenntun og endurmenntun** vegna starfa.

Í þriðja lagi **félagsleg menntun**, meðal annars vegna trúnaðarstarfa fólks í stéttarfélagum og öðrum félagsamtökum.

Ög í fjórða lagi **frístundanám** þar sem fólk fæst við ýmislegt sem það hefur helst áhuga á að verja tómstundum sínum til. Algengt í því sambandi er að fólk stundi nám tengt handverki, listiðn og öðru skapandi starfi sem það fær ekki tækifæri til annars. Auðvitað getur þessi skipting skarast með ýmsu móti og nægir þar að nefna tungumálanám sem við teljum með almennri menntun á grunnskólastigi og í framhaldsskóla en fullorðið fólk nýtir frístundir sínar til.

Allir þessir þættir hafa vaxið mjög á síðustu árum. Hvað almennu menntunina varðar má minna á Námsflokka sveitarfélaganna sem margir þekkja af eigin raun og hafa í stærri bæjum hér á landi starfað um langt skeið. Fyrst þegar svokallaðar öldungadeildir tóku til starfa við menntaskólana var það í tilraunaskyni en brátt kom í ljós að áhugi fólks var mikill og þörfin rík. Áhuginn reyndist jafnvel mun meiri en forráðamenn skólanna gerðu ráð fyrir og nú eru öldungadeildir fastur þáttur í starfi margra menntaskólanna og fjölbrautaskólanna. Skólar, þar sem fólk sækir starfsmenntun, hafa einnig aukið þennan þátt skólastarfsins. Þannig er með Verzlunarskóla Íslands, en nýlega kom fram í fréttum að í nýjum húsakynnum skólans í Reykjavík yrði einmitt sérstök áhersla lögð á eftirmenntun og starfsþjálfun fólks sem þegar starfar í verslun og viðskiptalífi eða hyggst starfa í þeim greinum. Þetta er einmitt gildi fullorðinsfræðslunnar í þjóðfélagi þar sem þróun í atvinnulífinu er ör og tæknibreytingar geta gjörbreytt hefðbundnum störfum og jafnvel heilum starfsgreinum. Þá verður fólk að fá tækifæri til að læra og kynnast nýjum störfum, aðlaga sig tækninni á þann hátt að breytingar verði til hagsbóta fyrir fólkið, létti störfin og bæti kjörin.

Það eru ekki aðeins skólarnir sem koma hér við sögu. Stofnanir á borð við Iðntæknistofnun Íslands og Fræðslumiðstöð iðnaðarins reka umfangsmikla fræðslustarfsemi í þágu atvinnulífsins. Félög eiga hér líka drjúgan þátt og í því sambandi má nefna Stjórnunarfélag Íslands. Þá eru reknir einkaskólar sem sinna menntun fullorðinna. Þeir eru helst áberandi í tungumálakennslu og nú síðari árin í tölvufræðslunni.

Þá er kominn nokkur skriður á undirbúning starfsfræðslu fyrir fiskverkunarfolk á vegum sjávarútvegsráðuneytisins með aðild Fiskvinnsluskólans, Verkamannasambandsins og samtaka atvinnurekenda.

Einnig má búast við að ófaglærðu starfsfólki í verksmiðjuíðnaði, svo sem fataíðnaði, gefist á næstu árum fleiri tækifæri til að sækja nám sem tengist störfum þess. Í nokkrum iðngreinum, t.d. rafiðnaði, hefur verið tekið með myndarlegum hætti á endurmenntunarmálum og starfsþjálfun þeirra sem í greinunum starfa. Allt eru þetta dæmi um að til eru þeir, í hinum ýmsu atvinnugreinum, sem gera sér grein fyrir gildi þess að þeir sem störfin vinna fá tækifæri til að fylgjast með og að námi er aldrei lokið fyrir fullt og allt heldur er það eðlilegur þáttur atvinnulífsins. Hvað félagslega menntun varðar og fræðslustarf tengt stéttarfélögum má minna á að allt frá stofnun stéttarfélaganna hér á landi hefur það verið einn þátturinn í starfi þeirra að gefa félagsmönnum kost á fræðslu, einkum fræðslu sem tengist starfinu í stéttarfélagunum og þeim margháttuðu réttindum sem stéttarfélagin hafa tryggt félagsmönnum sínum með samningum og réttindum sem hafa verið lögfest.

Þó starf að félagsmálum lærist með þátttökunni í gegnum árin er engu að síður margt á því sviði sem öðrum sem nauðsynlegt er að þekkja og kunna sem hægt er að læra á námskeiði í sínu eigin félagi hvort sem það er nú stéttarfélag, kvenfélag eða áhugamannafélag einhvers konar. Mörgum er það líka léttara að sækja fræðslu á meðal félaga sinna á vettvangi síns félags en í hefðbundnum skóla. Þess vegna m.a. er starf félagasamtaka og fræðsla á þeirra vegum mikilvægur hlekkur í fullorðinsfræðslunni allri sem ekki skal vanmetinn.

Frístundanámið er hægt að stunda víða eins og áður var getið. Í skólum, hjá stofnunum, félagsamtökum eða beinlínis hjá þeim aðilum sem eingöngu helga sig slíkri fræðslustarfsemi ætlaðri fullorðnum. Hér er nærtækast að nefna Tómskundaskólann sem starfar nú á sínu öðru starfsári í Reykjavík og Menningar- og fræðslusamband alþýðu á aðild að. Mikil þátttaka í námskeiðum skólans sannar enn þá þörf og þann huga sem er fyrir hendi. Ekki megum við gleyma Bréfaskólanum sem nokkur félagasamtök standa að en Samband íslenskra samvinnufélaga stofnaði fyrir nærri hálfri öld. Með bréfanámi, sem margir stunda, er opin leið fyrir þá sem annars eiga ekki tækifæri til að stunda nám, svo sem þá sem búa fjarri borg og bæjum. Hins vegar eru ónýttir að mestu möguleikar útvarps og sjónvarps í

þágu fræðslu fullorðinna þar sem til að mynda er tengt saman heimanám með kostum bréfanáms og námskeið þar sem fólkið hittist og lærir.

Í Bretlandi er viðfrægur svo kallaður *opinn háskóli* sem athygli Íslendinga hefur beinst að í auknum mæli síðustu ár. En hann er einmitt dæmi um fullorðinsfræðslu þar sem tekist hefur að nýta ólíkar aðferðir við námið og gegnir útvarp og sjónvarp þar veigamiklu hlutverki.

Fullorðinsfræðsla er afar mikilvæg með tilliti til hagsmuna kvenna og í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Heimavinnandi húsmæður, bæði hér á landi og annars staðar, hafa getað nýtt sér fullorðinsfræðslu, t.d. þegar þær hafa sótt út á vinnumarkaðinn á ný eftir dvöl heima vegna barnauppeldis og heimilisstarfa. En þetta þarf að vera enn markvissara svo fleiri konur nýti sér þá möguleika sem námskeið og skólar gefa. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar það blasir við að konur hafa oft þurft að hverfa frá hálfkláruðu námi eða hafa af einhverjum ástæðum ekki aflað sér starfsmenntunar fyrir á ævinni.

Með stofnun Menningar- og fræðslusambands alþýðu 1969 steig verkalýðshreyfingin ákveðið skref í fræðslustarfi sínu og fullyrða má að starf MFA, sem er fræðslu- og menningarstofnun Alþýðusambands Íslands, sé einn mikilvægasti þátturinn í starfi verkalýðssamtakanna hér á landi. Um það vitnar fjöldi námskeiða fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum og aðra félagsmenn stéttarfélaganna víða um land, Félgsfélagskóli alþýðu í Ölfusborgum, Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar, útgáfa fræðslurita og menningardagskrár á vinnustöðum og samkomum stéttarfélaganna sem eru allt þættir í starfi Menningar- og fræðslusambandsins. Þetta er líka fullorðinsfræðsla því fullorðinsfræðsla er meira en að sitja á skólabekk, hún er líka þátttaka í félagslegu starfi þar sem fólk fær tækifæri til að fræðast og hafa áhrif.

Þó ég hafi hér aðeins nefnt nokkra þá aðila sem hafa fullorðinsfræðslu á sínum vegum er ljóst að í landinu er umfangsmikil fullorðinsfræðsla. Fullorðinsfræðsla sem hefur sprottið af þörf fólks til að afla sér menntunar og nálgast fræðslu sér til gagns og ekki síður ánægju. Þetta hefur allt gerst án samræmdrar stefnu stjórnvalda því ekki eru til lög í landinu um fullorðinsfræðslu.

Það er dálítið merkilegt í ljósi þess að talið hefur verið nauðsynlegt að setja lög um þá menntun sem í boði er í landinu og jafnvel um einstaka skóla. En um fullorðinsfræðslu gilda sem sagt ekki lög. Í nágrannalöndum okkar er löggjöf um þetta efni sem hefur það að markmiði að styðja og stuðla að möguleikum fullorðinna til að stunda nám af ýmsu tagi. Í þeim felst því stefna stjórnvalda og grundvöllur mikillar fræðslu sem er skipulögð fyrir fullorðna.

Prisvar sinnum á síðustu 10 árum hafa verið samin frumvörp hér á landi um fullorðinsfræðslu. Skipaðar hafa verið nefndir af menntamálaráðherra í þessu skyni sem hafa unnið að mörgu leyti gagnmerkar tillögur. Frumvörp um fullorðinsfræðslu hafa verið lögð fram á Alþingi, en varla rædd, svo skoðun þingmanna á málinu er óljós. Það er hins vegar mikilvægt að við slíka lagasetningu verði tekið tillit til þess veruleika að umfangsmikil fullorðinsfræðsla er til staðar sem felur í sér alla þá þætti sem ég rakti áðan. Skólum og opinberum aðilum má ekki einum ætla það hlutverk að mæta þörfinni fyrir fullorðinsfræðslu, heldur verði gert ráð fyrir að samtök og félög, sem hafa slíka fræðslu á stefnuskrá sinni, gegni hér stóru hlutverki. Vonandi líða ekki mörg ár áður en lög um fullorðinsfræðslu verða að veruleika og stjórnvöld tryggja þannig æskilega þróun og stuðning við menntun fullorðinna.

En hver er skoðun verkalýðssamtakanna varðandi fullorðinsfræðslu og menntamál. Í stefnuyfirlýsingu Alþýðusambands Íslands, en hún hefur að geyma stefnu ASÍ í mörgum veigamiklum málum, segir m.a.:

„Nútímapjófófélag gerir kröfur til þess að fólk geti notið menntunar alla starfsævi sína. Af því leiðir að fullorðið fólk þarfnast og á kröfu á að hafa sömu menntunartækifæri sem

fólk á unga aldri. Sérstaklega er fullorðinsfræðsla rík nauðsyn þeim sem í æsku hlutu takmarkaða fræðslu og ófullkomna starfsmenntun.

Þjóðfélaginu ber að gera stóratök til þess að gefa öllu verkafólki aðgang að grunnmenntun, framhaldsmenntun og endurmenntun til nýrra starfa sem það kann að þarfnast.

Tryggja verður verkafólki fullnægjandi tekjur meðan á endurmenntun og/eða nýþjálfun þess stendur.

Verkalýðshreyfingunni ber fyrir sitt leyti að stórauka átak sitt til að mennta og þjálfa félaga sína og trúnaðarmenn með sérstöku tilliti til lýðræðis í atvinnulífinu og einnig í þeim tilgangi að geta rækt mikilvægt almennt hlutverk sitt í atvinnulífinu.

Afskipti verkalýðshreyfingarinnar í menntunarmálum miða að því að skapa verkafólki aukið öryggi í atvinnulífinu og bæta lífskjör þess, en einnig að því að fullnægja þörfum þjóðfélagsins fyrir vel menntað vinnuafli. En verkalýðshreyfingin lítur einnig á aukna menntun sem leið til aukins mannlegs frjálsræðis. Ef takast á að veita fjöldanum slíkt aukið frjálsræði verður menntunarkerfið í heild að verða sveigjanlegra, óþarfar aðgreiningar milli mismunandi tegunda skóla og kröfur um sérstök prófskírteini verða að hverfa, þannig að aðgangur að öllum skólum og hreyfingar skóla í milli verði auðveldari. Aðgangur að menntaskólum og háskóla verði víðtækari en nú er og sú einangrun, sem þessir skólar nú eru í, verði rofin. Kennsla í almennum skólum, iðnskólum, menntaskólum og háskóla þarf að veita víðtæka þekkingu á stofnunum atvinnulífsins og starfsemi þeirra. Námskrár í þessum greinum ber að vinna í nánú samstarfi við samtök verkafólks.

Jafnréttiskröfur verkalýðshreyfingarinnar eru í fullu gildi í menningarmálum. Þess vegna stefnir framtak hennar í þeim málum að því að afnema stéttamismun og hindra að nýr stéttamismunur skapist milli þeirra sem vinna líkamleg störf og hinna sem andlega vinnu stunda.“

Já, þetta var úr stefnuyfirlýsingu Alþýðusambandsins. Og hvað er það svo sem leggja ber áherslu á til þess að slíkum markmiðum verði náð, sérstaklega að því er varðar fullorðinsfræðslu. Við skulum líta á nokkur atriði:

Í fyrsta lagi skipta almenn lífskjör, svo sem laun og vinnutími afar miklu máli, þegar um það er að ræða að eiga þess kost að afla sér menntunar eftir að komið er út í lífsbaráttuna. Það gefur auga leið að lítil laun, langur vinnutími og almennt rýr kjör, sem er hlutskipti margra, er beinlínis hindrun í vegi þess sem vill læra. Þess vegna er barátta verkalýðssamtakanna fyrir bættum lífskjörum, þar með styttri vinnutíma, um leið barátta fyrir rétti launafólks til náms.

Í öðru lagi má sú fræðsla, sem launafólki stendur til boða á hverjum tíma, ekki kosta svo mikið í formi námsgjalda að það verði hindrun þess að fólk nýti sér rétt sinn til náms.

Í þessu sambandi, og reyndar í sambandi við fullorðinsfræðslu yfirleitt, er oft minnt á þá staðreynd að þau verðmæti, sem skapast með vinnunni, eru undirstaða þeirrar velferðar sem við búum við. Og þá um leið undirstaða skólakerfisins sem að meginhluta er, og á að vera, þáttur í sameiginlegum rekstri þjóðfélagsins. Í því ljósi er það réttlætismál að launafólkið sjálft njóti hluta þess fjár sem varið er til menntamála. Kostnað við þá fræðslu, sem launafólki er ætluð, ber því að greiða að verulegu leyti af opinberu fé.

Í fjórða lagi ber að leggja áherslu á rétt fólks til að hverfa frá vinnu um lengri eða skemmri tíma til þess að afla sér þekkingar og fræðslu. Og ekki aðeins rétt til frís í þessu skyni heldur launaðs námsfrís. Við skulum skoða það örlítið nánar. Það er viðurkennd staðreynd að ein forsenda þess, að öflug fullorðinsfræðsla verði eðlilegur hluti af menntakerfi þjóðar, er réttur fólks til að hverfa frá vinnu í þeim tilgangi að setjast á skólabekk, fara á námskeið eða stunda nám með öðrum hætti. Þetta gildir sérstaklega um starfsþjálfun en einnig um almenna menntun, félagslega menntun og jafnvel frístundanámið.

Fullorðinsfræðslukerfi, sem styðst eingöngu við frístundir fólks, verður aldrei nema brot af því sem það annars gæti verið, búi fólk við samningsbundinn eða lögfestan rétt til að nýta sér þá menntun sem í boði er. Þeir, sem hafa hug á að skipuleggja nám við hæfi fullorðinna, munu auðvitað aðlaga námið þeim rétti sem þátttakendurnir hafa. Alþýðusamband Íslands hefur markað sér stefnu í þessu efni. Það hefur ekki farið hátt en er engu að síður athyglisvert vegna þess að þar er stigið fyrsta skrefið til að tryggja launafólki almennan rétt til launaðs námsfrís. Um þetta er vissulega nauðsynlegt að semja við atvinnurekendur eins og flest önnur hagsmunamál vinnandi fólks og jafnvel þarf að setja lög um slíkan rétt. En helstu atriðin í stefnu Alþýðusambandsins eru þessi:

Allir, sem starfað hafa í sömu starfsgrein, í a.m.k. tvö ár og eru orðnir 18 ára, skulu eiga rétt á námsfrí í allt að fjórar vikur á hverju tveggja ára tímabili. Ef námsfrí er tekið vegna starfsþjálfunar eða til félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtaka fellur niður skilyrðið um starfstíma. Réttur til námsfrís skal ná til almennrar menntunar, starfsþjálfunar og endurmenntunar vegna starfa, svo og félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtaka, m.a. í þágu trúnaðarstarfa á vegum stéttarféлага.

Þá er mörkuð stefna varðandi fyrirvara um töku námsfrís og um að fólk haldi áunnum réttindum. Þá er gert ráð fyrir því í stefnu Alþýðusambandsins um launað námsfrí að stofnaður verði fræðslusjóður launafólks. Tekjur sjóðsins komi bæði frá atvinnurekendum og ríkissjóði og síðan gildi ákveðnar reglur um greiðslur úr sjóðnum. Þar er gert ráð fyrir að sjóðurinn beri kostnað við launatap þeirra sem hverfa frá vinnu vegna náms. Einnig að sjóðurinn greiði hluta þess kostnaðar, sem er við námskeiðahald og aðra fræðslu, sem launafólki er ætluð, á móti þátttakendagjöldum þeirra sem námið stunda hvort sem það er greitt af þeim sjálfum fyrirtækjunum eða enn öðrum.

Rétturinn til launaðs námsfrís er afar mikilvægur. Í ljósi þess sem áður segir um vaxandi fullorðinsfræðslu á tímum örra breytinga, jafnt í atvinnulífinu sem öðrum þáttum þjóðfélagsins, getur slíkur réttur skipt sköpum um jafnræði milli þeirra sem hafa af einhverjum ástæðum skamma skólagöngu að baki og hinna sem hlotið hafa lengri menntun.

Alþjóðavinnuálagstofnunin, sem Ísland á aðild að ásamt flestum ríkjum heims, gerði samþykkt um þetta efni árið 1974. Þar er því slegið föstu að ríkisstjórnir aðildarríkjanna skuli gera ráðstafanir sem tryggja launafólki rétt til launaðs námsfrís. Í samþykktinni er fjallað ítarlega um einstök atriði og gengið út frá því að rétturinn nái til fræðslu vegna atvinnu manna, almennrar fræðslu um samfélagsleg efni og verkalýðsmálafræðslu.

Ekki hefur bólað á þessu máli á Alþingi fyrir tilstilli ríkisstjórna og lítil von til þess héðan af. Því er rétt að gera ráð fyrir að rétturinn verði sóttur í samningum verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Rétturinn til launaðs námsfrís hefur verið til umfjöllunar meðal nágranna okkar, t.d. Dana og í danska þinginu hafa jafnaðarmenn lagt fram tillögur í þessu efni. Kjarni þeirra er að launað námsfrí tryggi launafólki raunhæfa möguleika til að taka þátt í fullorðinsfræðslu í vinnutíma með því markmiði að auka möguleika hvers og eins til að hafa áhrif á sitt daglega líf og einnig þjóðfélagið, um leið og það verði hverjum einstaklingi til gagns.

Þegar ný réttindi, sem ekki hafa náð fram að ganga, ber fyrst á góma, þykir vafalaust mörgum vera um fjarlægán draum að ræða eða jafnvel fjarstæðu. Þannig hefur verið með margt af því sem við teljum nú sjálfsögð lýðréttindi, en kostuðu þrauseigju og baráttu að ná fram. Nægir í því sambandi að nefna almannatryggingar, lög og orlof og rétt til fæðingarorlofs sem er aðeins fárra ára gamall sem almennur réttur. Ekki skal fullyrt að það muni taka ár og áratugi að ná fram rétti fólks til að stunda nám án fjárhagslegra áfalla. Við skulum þvert á móti vona að ekki líði langur tími þangað til það þykir bæði edlilegt og sjálfsagt að vinnandi fólk í öllum störfum stundi nám jafnhliða vinnu sinni þegar það þarf á því að halda og það langar til.

Fylgiskjal III.

Snorri S. Konráðsson:

Starfsmenntun fullorðinna.

Inngangur.

Í stefnuyfirlýsingu ASÍ er ákveðin lína lögð í fræðslumálum verkafólks. Nauðsynlegt framhald af samþykktri stefnuskrá er umræða og tillögugerð um alla þætti í menntuninni og hvernig á að starfa að framgangi fræðslunnar.

Margar röksemdir koma fram í stefnuyfirlýsingunni varðandi nauðsyn á stórauðinni starfsmenntun fullorðinna. Stefnuyfirlýsingin er nánari skilgreining á markmiðum sambandsins „til að bæta kjör verkafólks og samræma hagsmuni þess í efnahagslegu, félags- og menningarlegu tilliti og verja réttindi félagsmanna sinna á öllum sviðum þjóðfélagsins og vinna að auknum réttindum þeim til handa“.

Í eftirfarandi tilvitnunum í stefnuyfirlýsingunni kemur þetta fram.

Þegar Alþýðusamband Íslands bendir á þörf í stefnuyfirlýsingu sinni, segir það um leið hvað heildarsamtök íslenskrar alþýðu vilji og hvaða skyldur þau hafi.

Í kafla stefnuyfirlýsingarinnar um vald og ábyrgð segir m.a.:

„Lýðræði í atvinnulífinu, í fyrirtækjum og á vinnustað er jafnframt skilyrði fyrir hraðari þróun atvinnuveganna, sem er þjóðfélagsleg nauðsyn, ef þjóðin á að halda sér efnalega til jafns við aðrar þjóðir, því raunveruleg áhrif, völd og ábyrgð verkafólksins geta ein leyst úr læðingi þá miklu hæfileika sem það býr yfir í krafti þekkingar sinnar og atgervis til þess að auka og bæta framleiðslu og efla atvinnuvegina og atvinnulífið.“

Enginn er fær um að hraða þróun atvinnuveganna án þekkingar og stöðugrar verkmenntunar. Völd og ábyrgð verkafólks á vinnustöðum haldast í hendur við þekkingu þess.

Starfsmenntun hefur mikið gildi til að eftirfarandi markmiðum í kaflanum „Frelsi, jöfnuður og réttlæti“ verði náð.

„Baráttuna fyrir jöfnuði og réttlæti og gegn forréttindum einstakra hópa verður að heyja á öllum sviðum. Í atvinnulífinu verður mismunurinn í launum, vinnutíma og félagslegum eignum að hverfa. Snúast ber gegn öllum tilraunum og tilhneigingum til að auka launamismun með auknu átaki fyrir tekju- og eignajöfnun. Verkalýðshreyfingin mun halda áfram að efla baráttuna fyrir alhliða jafnrétti kvenna og karla jafnt í atvinnulífinu sem á öðrum sviðum þjóðlífsins.“

Eitt stærsta skrefið til betri launakjara kvenna er fólgið í aukinni starfsmenntun.

„Formlega hefur verið komið á jöfnum launum kvenna og karla, en í raunveruleikanum er langt frá því að því marki sé náð. Þetta stafar m.a. af því, að konur ráðast fremur í störf, sem samkvæmt hefðum eru verr launuð en önnur, oft vegna ófullnægjandi menntunar og stundum vegna skemmri starfstíma. Verkalýðshreyfingin ber að herða mjög baráttuna fyrir raunverulegum jöfnuði milli kvenna og karla, bæði í launakjörum og að því er varðar atvinnumöguleika.“

Þessi tilvitnun er úr kaflanum „Launakerfi — launajöfnuður.“

Atvinnuöryggi og starfsmenntun eru atriði sem horfa þarf til og í kaflanum „Atvinnuöryggi“ kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Augljóst er að vaxandi iðnaður í landinu kallar á lausn ýmissa vandamála, sem fylgja breytingum í atvinnuháttum. Á æ fleiri verksviðum leysa vélar og tæknibúnaður mannaflíð af hólmi. Ýmsar starfsgreinar og handverk hverfa úr sögunni og nýjar greinar skapast. Hagræðing og ný tækni leiða til þess að mannaflafækkun verður í mörgum greinum og að fjöldi verkafólks hlýtur að hverfa að nýjum störfum. Af þessu skapast vandamál, ekki síst fyrir verkafólk af eldri kynslóðinni, vandamál sem forgangsrétt eiga á að leyst séu.“

Að sjálfsögðu er fjallað beint um starfsmenntunina í stefnuyfirlýsingunni og í kaflanum „Menntun — undirstaða atvinnufrelsis og öryggis“ segir m.a.:

„Verkmenntun, sem er ein af aðalundirstöðum framfara og möguleika verkafólks til bættra lífskjara, verður að efla. Í stjórn þeirrar fræðslu verði fulltrúar viðkomandi verkalýðsfélaga eða landssambanda. Þeir sem velja sér verklegar námsbrautir eiga allan rétt á sömu fjárhagslegri aðstoð og þeir sem önnur svið velja.

Afskipti verkalýðshreyfingarinnar í menntunarmálum miða að því, að skapa verkafólki aukið öryggi í atvinnulífinu og bæta lífskjör þess, en einnig að því að fullnægja þörfum þjóðfélagsins fyrir vel menntað vinnuafli. En verkalýðshreyfingin lítur einnig á aukna menntun sem leið til aukins mannlegs frjálsræðis.

Tryggja verður verkafólki fullnægjandi tekjur meðan á endurmenntun og/eða nýþjálfun þess stendur.“

Í kaflanum „Fullnægjandi tryggingar — auknar frístundir“ er vikið að þörfum eldra fólks.

„Eldra verkafólk á við vaxandi vandamál að etja í atvinnulífinu. Kröfur um vinnuhraða, tæknilegar breytingar og þörf á endurmenntun koma hér m.a. til.

„Atvinnutækifæri og valfrelsi“, hvar kemur starfsmenntun fullorðinna til góða þar?

„Vinna að þjóðfélagsskipan, sem býður verkafólki fjölbreytileg atvinnutækifæri, atvinnuöryggi, frístundir og menningarstarfsemi, góð hífýli og umhverfi.“

Verkalýðshreyfingin vill tryggja verkafólki öryggi vegna sífelfdra breytinga í atvinnulífinu. Í kaflanum „Öryggi á tímum breytinga“ segir m.a.:

„Atvinnulíf þjóðarinnar tekur stöðugum breytingum og líklegt er að þær verði á næstu árum og áratugum mjög örar. Sé þessum breytingum ekki mætt með virkum aðgerðum, leiða þær af sér öryggisleysi fyrir verkafólk. Verkalýðshreyfingin vill því með virku starfi beita sér fyrir fullnægjandi ráðstöfunum til þess að mæta afleiðingum breytinganna og skapa afkomuöryggi þrátt fyrir þær. Takmarkið er að tryggja öllum atvinnu og að vinna að því að sem flestir fái gegnum breytingar atvinnuhátta betur launuð og ánægjulegri störf. Í þessu sambandi er eitt hið mikilvægasta að tryggja rétt verkafólks til fullrar atvinnu og til að njóta fjárhagsstuðnings, leiðbeininga og launa í millibilsástandi, svo sem vegna starfsmenntunar, flutninga og biðtíma, þegar það verður að skipta um störf.“

Á þessum stuttu inngripum í stefnuyfirlýsingu ASÍ má sjá, að margvíslegar ástæður liggja að baki áhuga verkalýðshreyfingarinnar á starfsmenntun fullorðins fólks.

Vitaskuld er ekki síður ástæða til afskipta af verkmenntun og starfsfræðslu yngra fólks og hefðbundinni skólafræðslu, en það er ekki viðfangsefnið hér.

Aukin þekking — fleiri möguleikar.

Ýmsir gera sér ljósa grein fyrir samhenginu milli menntunar og margháttaðra möguleika sem hún leiðir af sér og því sem nægir þeim til að hefja nám. En þegar menn velja þessum málum fyrir sér geta atriði komið í hugann:

1. Ég vil skipta um atvinnu og ein forsenda þess er öflun þekkingar á nýju sviði.
2. Ef ég vil fylgjast með og standast samkeppni í atvinnugrein minni er nauðsynlegt að sækja upprifjunar- og starfsmenntunarnámskeið.
3. Launa- og stéttamunur milli þeirra langskólagengnu og hinna sem stutta skólagöngu hafa eykst stöðugt.
4. Ég vil rífa mig upp úr gamla farinu sem óvirkur, vanafastur og frumkvæðislaus maður og hætta að bera óttablandna virðingu fyrir menntastofnunum.
5. Heimurinn, sem ég lifi og hrærist í, er of líttill og leið til úrbóta er fær með starfsmenntun ef viljann skortir ekki.
6. Það er tímabært að hefja nám þar sem frá var horfið og læra það er hugurinn girnist.
7. Ein leið til jafnaðar milli karla og kvenna er aukin menntun kvenna sem getur leitt af sér aukið sjálfstæði þeirra og sjálfstraust.

Það er alls ekki nóg að hver og einn í sínu horni ákveði að taka þátt í fræðslustarfi. Val verður að vera til milli mismunandi námsefnis. Það verður að leggja áherslu á slíkt.

Stefnumótun verkalýðshreyfingar.

Nauðsynlegt er fyrir verkalýðshreyfinguna að skilgreina nánar en gert er í stefnuyfirlýsingu hvaða leiðir á að fara í starfsfræðslunni hvernig stöðugt á að fylgjast með nýjungum í starfsgreinum og líta eftir að starfsmenntun sé sinnt af alúð. Standa verður vel á verði svo menn einbeiti sér og vinni að sem mestu framboði á starfsmenntun en verði ekki eingöngu uppteknir af umræðunni um hvaða stofnun eigi að veita fræðsluna. Samstarf við fræðsluyfirvöld og skóla verður að vera gott. Gæta verður þess að þörf verkafólksins og atvinnulífsins fyrir starfsmenntun af öllum toga er sífellt að taka breytingum. Áherslur og mikilvægi breytast. Sýna þarf sveiganleika og viðbragðsflýti í stefnumótuninni svo hægt verði að mæta nýjum og breyttum þörfum á sem skemmstum tíma.

Alveg eins og lækningar þurfa stöðugt að sækja aukna starfsfræðslu — símenntun til að fylgjast með í starfsgrein sinni þurfa verkamennirnir þess.

Jafnframt því sem Alþýðusambandið verður að örva frumkvæði verkalýðsfélaga og sambanda til þátttöku í starfsfræðslunni, ber Alþýðusambandinu sjálfu að beita sér á vettvangi starfsmenntunar. Starfsfræðsla má ekki falla niður vegna skorts á frumkvæði verkalýðsfélaganna. Hins vegar er nauðsynlegt að hvert og eitt verkalýðsfélag taki að hluta þátt í starfsmenntuninni vegna tengsla sinna við atvinnustaðina en þar eiga þau að beita sér og örva félagsmenn sína til þátttöku. Jafnframt þurfa félögin að koma fram með óskir félagsmanna sinna um fræðsluefni.

Algeng viðhorf til starfsmenntunar fullorðins fólks eru þannig að hún sé fyrir þá sem þegar hafa hlotið einhverja grunnmenntun á því sviði. En starfsmenntun er ekki einkamál þeirra sem þegar hafa hlotið nokkra. Starfsmenntun er brýnust fyrir þá sem enga slíka menntun hafa og í ljósi þeirrar staðreyndar ber verkalýðsfélögum og samtökum þeirra að vinna.

Aukin fræðsla — betri kjör.

Flestir eru sammála um að aukin menntun hafi beint og óbeint í för með sér betri kjör. Það geta verið betri laun, vinnutími, ánægjulegri og meira skapandi vinna og þannig mætti lengi telja. Hins vegar er ekki sjálfgefið að aukin starfsmenntun leiði af sér betri kjör í víðum skilningi þess orðs.

Verkamanni í verksmiðju er kennt á tiltekna vél sem notuð er í færibandakeðju til framleiðslu á einhverjum hlut. Í hverju betri kjör þessa verkamanns gætu legið mun e.t.v. sjást í kjarasamningi hans. En verkamaðurinn kann ekki á vélarnar sem eru sitt hvoru megin við hann og ef hann hefði hug á að skipta um vinnu og hefja störf á nýjum vinnustað er hann í engu betur settur en áður. Þó hann hafi lært á eina vél kann hann ekki á aðrar og nám hans nýtist ekki við nýjar aðstæður.

Aukin fræðsla — betri kjör — frjálsara mannlíf eru atriði sem verkalýðshreyfingunni ber að hafa í huga m.a. þegar hún mótar viðhorf sín til starfsmenntunar og vinnur að henni.

Aukin sérhæfing.

Tæknivætt atvinnulíf leiðir af sér aukna sérhæfingu starfsmanna, aukin afköst, einhæfari vinnu og minni innbyrðis samskipti starfsmanna. Hvað varðar starfsmenntunina þarfnast tæknivætt atvinnulíf færri starfsmanna með meiri þekkingu en áður var, en fjöldi starfsmanna með lágmarksmentun vex aftur á móti.

Verkalýðshreyfingin má aldrei setta sig við að fólk fái einungis tækifæri til starfsmenntunar sem rétt nægir til núverandi starfs þess.

Þeirri spurningu hefur verið varpað fram í löndum, sem atvinnuleysið hrjáir, til hvers eigi að veita atvinnuleysingjum fræðslu þegar þeir fá hvort sem er enga vinnu. Því hefur verið svarað á þá leið að betra sé að vera menntaður atvinnuleysingi en ómenntaður. Fjöldi atvinnumöguleika eru í beinum tengslum við menntun.

Einhverjum kann að finnast sem svo að lítið sé hægt að sporna á móti þegar eldra fólk aðlagast ekki nýjum starfsaðferðum. Það er erfitt fyrir gamalt fólk, sem nánast aldrei hefur tekið þátt í fræðslustarfi á fullorinsárum, að taka þátt í því í ellinni. Þess vegna verður verkafólki að standa til boða starfsfræðsla þegar frá þeim tíma sem barnsárunum sleppir. Þá venst það þátttöku í fræðslustarfi.

Handverk — verksmiðjuframleiðsla.

Í samræmi við og sem afleiðing tækniþróunarinnar í atvinnulífinu færast störf úr höndum handverksmanna til starfsmanna sem stjórna vélum með einföldum aðferðum, mata þær hráfefnum eða taka fullunna vöru frá þeim.

Löngum hefur verið klifað á nauðsyn þess að auka afköst og verkalýðsfélög semja gjarnan þannig að verkafólk fái hluta af afrakstrinum fyrir sinn snúð og svita.

En varla hafa menn hugsað til enda að eftir því sem tæknin og sérhæfingin vex verður verkmenntuninni eins og hún er veitt í dag í verkanámsskólum ýtt til hliðar. Það er ekki þörf fyrir húsgagnasmíðinn eða rennismiðinn þegar tæknifræðingarnir hafa á sínum höndum forritun fyrir tölvur rennibekksins og trésmíðavélarinnar. Þetta er nú þróunin, segja menn, en hafa allir áttað sig á hvað þarf að yfirstiga og hverju þarf að breyta svo bilið annars vegar milli þeirra sem enga verkmenntun hafa og hinna sem eru iðnskólagengnir minnki og hins vegar gjáin milli þeirra iðnskólagengnu og tækniskólagengnu minnki?

Verkalýðshreyfingin verður að taka til umræðu hvernig mæta skuli þessum breytingum. Þegjandi er ekki hægt að horfa á vaxandi fjölda starfsmanna á vinnustöðum, sem enga menntun hafa utan grunnskólapróf, og minnkandi hóps hinna sem hafa menntunina og þekkinguna.

Vélvæðingin og fjöldaframleiðslan eru mótaleikir þjóða í harðnandi samkeppni. Þegar þetta tvennt dugir ekki lengur til er leitað til landa með tækniþekkingu á háu stigi þar sem vinnulaunin eru lægri en í upphafslandi tækninnar og varan er síðan framleidd í nýja landinu.

Íslenskt atvinnulíf mun ekki vegna smæðar sinnar flytja tæknþekkingu sína á næstu árum út úr landinu umfram það sem gert hefur verið á sviði fiskiðnaðarins nema fullkomin verkþekking komi til. Með fullkominni starfsfræðslu má koma í veg fyrir að fluttir verði inn launataxtar frá Taiwan, Hong Kong eða Mexíkó og þeim troðið upp á verkafólk hér.

Undanfarin misseri hefur verkalýðshreyfingin staðið frammi fyrir sókn þeirra sem færa landið nær því að verða láglaunaland. Næstu missiri snýst baráttan um að hindra slíkt. Liður í slíku er starfsmenntun fyrir fullorðna. Ísland má aldrei verða láglaunaland í þágu atvinnulífsins. Atvinnulífið verður að styrkja með vel menntuðu starfsfólki.

Þá fær það stærri hlut í sinn vasa.

Námsfrí á launum.

Í stefnuyfirlýsinguinni er lagt til að á meðan verkafólk sækir starfsfræðslu sé það á launum. Í kjarasamningum verður að tryggja slíkt. Eins verður að knýja stjórnvöld til að láta fé í fullorðinsfræðsluna til jafns við aðra fræðslustarfsemi.

Atvinnurekendur munu efallítið segja sem svo þegar knúðið verður á um fast gjald frá þeim til starfsmenntunar að þeir sjálfir geti sem best sinnt þessu verki í sínum fyrirtækjum. Ekki á að vanmeta starfsþjálfun sem veitt er hjá einstökum fyrirtækjum, en Alþýðusambandið vill að starfsmenntun hafi í för með sér valfrelsi verkafólksins til starfa og vinnustaða.

Mörg orð þarf ekki um nauðsyn þess að verkafólk fái námsfrí á launum. Verkamaðurinn þarf ekki lengi að hugsa sig um með sín 12 000 króna mánaðarlaun, áður en hann hafnar þátttöku á námskeiði sem kostar tvö til fjögur þúsund krónur.

Örvandi fræðslustarf.

Hugtakið „örvandi fræðslustarf“ er skilgreint þannig að í tengslum við alla fullorðinsfræðslu er nauðsynlegt að beita kynningu og hvatningu svo menn öðlist vilja og getu til að yfirstíga hindranir sem á veginum eru fyrir þátttöku í fræðslustarfi.

Tilgangi fullorðinsfræðslunnar verður ekki náð fullkomlega nema þeim sem skemmsta skólagöngu hafa verði sjálfsagt og eðlilegt að sækja hana.

„Ýmsar rannsóknir á síðari árum sanna að fullorðinsfræðsla, sem í boði er nú, er í höfuðatriðum nýtt af þeim sem áður hafa hlotið til þess að gera viðtæka menntun úr grunn- og unglingskólum, en aðeins lítils háttar þátttaka er úr hópi þeirra sem skemmri menntun hafa.“

(LO om voksen uddannelse, Landsorganisationen i Danmark. Bæklingur gefinn út af LO í febrúar 1978).

Verkalýðsfélögin verða hvert fyrir sig að beita sér í viðtölum við fólk og hvetja það til þátttöku í fræðslustarfi. Auglýsingar hafa lítið að segja í þem efnunum.

Samskipti verkalýðsfélaga.

Þeir sem eru með iðnréttindi hafa fleiri tækifæri til starfsmenntunar en þeir óiðnlærðu.

Jafnan er ástæðan fyrir því sú að iðngreinar eru lögverndaðar og öðrum óheimilt að sinna störfum sem undir þær falla. Á undanförunum árum hefur komið í ljós að lögverndun iðngreina kemur ekki í veg fyrir að óiðnlærðir taki að sérstörf iðnaðarmanna. Handverkinu er breytt yfir í verksmiðjustörf. Hins vegar færast launakjörin ekki með á milli starfsstétta.

Danska málmíðnaðarmannasambandið og samtök iðnverkafólks í Danmörku hafa gert með sér samskipta- eða verkaskiptingarsamning sem gildir um störf iðnlærðra og ófag-lærðra.

Deilur og árekstrar um verkaskiptingu á vinnustöðum hafa minnkað og hinir ófaglærðu hafa haft greiðari aðgang að starfsmenntun en ella.

Starfsmenntun — allsherjarlausn?

Fyrr á árum háðu mannvinnir víða um heim baráttu fyrir lestrarkennslu og ólæsinu var útrýmt. Enn eru þó fjölmennar þjóðir ólæsar.

Íslendingar hafa lengi verið læsir á bókstafina og tölustafir hafa ekki þvælst fyrir þeim að ráði.

Á brjóstvitinu hafa þeir komist langt á öðrum sviðum og þannig hefur atvinnulífið einhvern veginn verið látið ganga frá degi til dags. En nú verður vart farið lengra á brjóstvitinu í þeim efnum. Bláðinu verður að snúa við og undir atvinnuvegina verður að skjóta stöðum reistum á grundvelli þekkingar og tækni. Einn liður þekkingarinnar er starfsmenntun félagsmanna Alþýðusambands Íslands.

Vitanlega dugir starfsmenntunin ekki ein. Starfsemi fyrirtækja verður að byggjast á vitrænni skipulagningu, stjórnun og fjárfestingu. Þannig skapa margir þættir í atvinnulífinu samofna heild og á þá verður að horfa í samhengi. En allir þræðir atvinnulífsins liggja um hendur verkafólksins, hafa áhrif á kjör þess og velferð. Þess vegna ber verkalýðssamtökun-um að taka rækilega á í starfsmenntuninni. Verkkunnáttan er stafróf nútímans.

Lokaorð.

Hér að framan hefur verið dregin upp mynd af því hvers vegna, til hvers og hvernig Alþýðusamband Íslands getur orðið fullorðnu fólki að liði á vettvangi starfsmenntunarinnar.

Eigi ber að skilja þetta svo að hinn eini sannleikur í málinu hafi verið borinn fram. Ef til vill er allur sannleikurinn fólgin í nauðsyn þess að þeir sem til forustu hafa valist fyrir sveitum verkafólksins skynji og skilji „að menntun er leið til aukins mannlegs frjálsræðis“ og starfi samkvæmt því.